Heimar

Fjárfestakynning

Níu mánuðir 2026





8,1 ma.kr.

Heildarfjárfesting í eignasafni það sem af er ári.

12,2%

Vöxtur leigutekna á milli ára, rekstrartekjur vaxa um 11,7%.

9,9%

Handbært fé frá rekstri síðustu 12 mánaða sem hlutfall af markaðsvirði í lok fjórðungs.

Ný arðgreiðslustefna: Aukið vægi úthlutunar til hluthafa

Stöðugur grunnur til úthlutunar

Stefnumótandi ákvörðun stjórnar

- Stjórn Heima hefur samþykkt nýja arðgreiðslustefna sem byggir á traustum undirliggjandi rekstri og skýrri fjárfestingastefnu.
- Á næstu misserum bætast stór tekjuberandi fjárfestingaverkefni við eignasafnið með traustum leigutökum.
- Með markvissri uppbyggingu hefur verið skapaður grunnur að auknum arðgreiðslum til hluthafa samhliða áframhaldandi fjárfestingum.

Ný stefna

≥ 60% af handbæru fé frá rekstri

2× arður greiddur tvisvar á ári

Stjórn mun leggja aukna áherslu á greiðslu arðs umfram endurkaup eigin bréfa.

Ný arðgreiðslustefna endurspeglar stöðu félagsins í dag og aukið svigrúm til að láta hluthafa njóta ávinnings af traustum rekstri og uppbyggingu undanfarinna ára.

Lykilkennitölur rekstrar og efnahags haldast sterkar

Rekstur

12,2% (7,2% raunvöxtur)
Leigutekjur hækka milli ára

10,3% (5,3% raunvöxtur)
EBITDA hækkar milli ára

70,8% (72,0%)
EBITDA % af leigutekjum

96,1% (97,0%)
Nýtingarhlutfall

Arðsemi

4,2 ma.kr. (2,9 ma.kr.)
Hagnaður eftir skatta

7,5 ma.kr. (3,1 ma.kr.)
Matsbreyting fjárfestingareigna

5,1% (5,4%)
Arðsemi fjárfestingareigna

7,1% (5,6%)
Ávöxtun eigin fjár

Efnahagur

244 ma.kr. (222 ma.kr.)
Fjárfestingareignir

147 ma.kr. (131 ma.kr.)
Vaxtaberandi skuldir

61,5% (60,6%)
Skuldsetningarhlutfall

31,9% (32,4%)
Eiginfjárhlutfall

(9M.2025)

Markviss skref í átt að vel skilgreindum markmiðum

Skýrar stefnuáherslur Heima skila mælanlegum árangri

Eignir í eignasafninu
98

Nýtingarhlutfall
96%

Viðskiptavinir
420

Hlutfall grænna eigna (m^2)
43%

Fjárfestingareignir
244 (ma.kr.)

m^2 staðsett innan kjarna
69%

Opinberir aðilar og skráð fyrirtæki
42%

Hlutfall grænnar fjármögnunar
44%

Leigutekjur frá kjarnasvæðum
74%

Heildarfjöldi fermetra
392 (þús.)

Meðallengd leigusamninga
6 ár

Rafhleðslustæði
185

Stefna félagsins er skýr og skilar ríkum árangri

Agaður rekstur og stefnumiðaðar fjárfestingar

	% af leigutekjum		Langtímamarkmið	
Kjarnasvæði	74%	▶	70 - 80%	Á undanförnum árum hafa Heimar lagt áherslu á að fjárfesta í eignum á skilgreindum kjarnasvæðum. Samkvæmt fjárfestingarstefnu félagsins skal líta til staðsetningar eigna við val á fjárfestingum.
Skráð félög	11%	▶	10 - 15%	Sterkur viðskiptavinahópur dregur úr mótaðilaáhættu Heima. Félagið hefur fjárfest á undanförnum árum til að fjölga fjölda skráðra félaga meðal viðskiptavina.
Opinberir aðilar	31%	▶	30 - 40%	Heimar mörkuðu snemma þá sýn að leggja sérstaka áherslu á samstarf við opinbera aðila.
Grænar eignir	44%	▶	40%	Heimar einsetja sér að vera leiðandi í mótun kjarnasvæða með áherslu á sjálfbæran rekstur fasteigna sem stuðlar að velferð samfélags, bættum lífsgæðum og umhverfi íbúa.


Heimar eru álitlegur fjárfestingarkostur, kýrskýr sýn og traustur grunnur

Traust og ábyrgt fjárfestingartækifæri

Stöðugur tekjugrunnur
Verðtryggðar tekjur bundnar í langtímaleigusamningum.

Sjálfbærar tekjustoðir að styrkjast
Dæmi eru tekjur af bílastæðum, rafhleðslustæðum og auglýsingaskjám.

Þróun EBITDA




Kjarnasvæði og skýr stefna í framkvæmd

Átta kjarnasvæði skilgreind
Kjarnasvæði með væntа umfram-verðmætaaukningu á höfuð-borgarsvæðinu og Akureyri.

Rík áhersla á fjölbreyttar eignir
Mótandi áhrif á þróun borgarumhverfisins með blöndu af atvinnustarfsemi, þjónustu, búsetu og afþreyingu.

Leigutekjur frá kjarnasvæðum

74% leigutekna félagsins koma frá kjarnasvæðum




Hóflegt skuld-setningarhlutfall

Lækkun skuldsetningar markmið
Minnkar áhættu í hækkandi vaxtaumhverfi.

Sterk fjárhagsstaða
Myndar aukna getu til arðgreiðslna ásamt sveigjanleika til að nýta tækifæri á markaði.

Skuldsetningarhlutfall



Sjálfbærni hluti af ábyrgum rekstri

Framsæknar áherslur í sjálfbærni
43% af eignasafni félagsins telst til grænna eigna, með áherslu á vottun stærri eigna í eigin rekstri

Grænar eignir
Lækka rekstrarkostnað, skapa tækifæri til útgáfu grænna skuldabréfa og auka aðdráttarafl fyrir alþjóðlega fjárfesta og lánveitendur.

Lykiltölur sjálfbærni

43%	Hlutfall grænna eigna
44%	Græn fjármögnun
-8%	Breyting kolefnisspors per m^2 frá 2019

Fjárhagur og rekstur

Kröftugur nafn- og raunvöxtur tekna

Hagnaður eykst milli ára

Rekstrarreikningur, m.kr.	9M 2026	9M 2025	Δ %
Leigutekjur	12.548	11.186	12,2%
Aðrar tekjur	631	616	2,4%
Rekstrartekjur	**13.179**	**11.801**	**11,7%**
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna	-2.673	-2.264	18,1%
Rekstur í fasteignum	-961	-883	8,8%
Stjórnunarkostnaður	-665	-603	10,3%
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu	**8.880**	**8.051**	**10,3%**
Matsbreyting fjárfestingareigna og afskriftir	7.412	3.101	
Rekstrarhagnaður	**16.292**	**11.152**	
Hrein fjármagnsgjöld	-11.098	-7.589	46,2%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	52	16	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**5.246**	**3.580**	**46,5%**
Tekjuskattur	-1.049	-716	
Hagnaður fyrir tímabilið	**4.197**	**2.864**	**46,5%**

4,2 milljarðar

hagnaður tímabilsins

5,3% (5,4%)
Stjórnunarkostnaðarhlutfall lækkar

21,3% (20,2%)
Rekstrarkostnaðarhlutfall fjárfestingareigna

70,8% (72,0%)
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu af leigutekjum


(9M 2025)

Raunvöxtur leigutekna

Fjárfestingar skila öflugum tekjuvexti

Þróun tekna

Milljónir króna 9M 2025 – 9M 2026




- Leigutekjur aukast um 12,2% milli ára
  - Verðlag hækkar um 5,0% frá fyrra ári.
  - Raunvöxtur leigutekna 7,2% milli ára.
- Nýfjárfestingar síðasta árs stærsti liður tekjuvaxtar.
  - Leigutekjur á óbreyttu eignasafni aukast um 8,1%.
  - Rauntekjuvöxtur miðað við óbreytt eignasafn 3,1%.
  - Lok samninga um rými sem félagið leigði og framleigði lækka leigutekjur um rúmlega 1%.
- 11 samningar undirritaðir á þriðja ársfjórðungi 2026 fyrir um 9.770 fermetra.

Viðskiptakröfur: Gott samval leigutaka skiptir máli

Traustir leigutakar – þétt aðhald og eftirfylgni

Viðskiptakröfur nettó í lok tímabils

Milljónir króna



- Óveruleg breyting viðskiptakrafna.
- Niðurfærsla viðskiptakrafna um 150 m.kr.
- Afskriftir viðskiptakrafna skýrast af fáum þekktum gjaldþrotamálum.



Stöndugur efnahagur


Efnahagur
Milljónir króna

	30.09.26	31.12.25
Fjárfestingareignir og hlutdeildarfélög	250.340	234.621
Aðrar eignir	996	1.036
Veltufjármunir	5.005	4.748
Eignir alls	**256.341**	**240.405**
Vaxtaberandi skuldir	146.741	134.468
Aðrar skuldir	27.878	26.455
Skuldir alls	**174.619**	**160.922**
Eigið fé	**81.721**	**79.483**


60,0%
Skuldsetningarhlutfall nettó

58,5%
Skuldsetningarhlutfall nettó m.t.t. hlutdeildarfélaga

Eiginfjárhlutfall
Þróun frá 2024



Skuldsetningarhlutfall
Þróun frá 2024



Jákvæð matsbreyting að fjárhæð 7,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins

- Verðlagsbreyting er helsti áhrifaþáttur matsbreytingar.
- Ávöxtunarkrafa í lok fjórðungsins er 6,57% en var 6,48% í lok árs 2025.
- Hækkun ávöxtunarkröfu leiðir til um 200 m.kr. matslækkunar á þriðja ársfjórðungi.



Fjárfestingar og sala eigna

- Á dögunum var gengið frá samningum um sölu tveggja eigna fyrir um 1,2 ma.kr. og er áætlað að viðskiptin gangi í gegn á komandi misseri.
- Félagið hefur fjárfest fyrir um 8,1 ma.kr. það sem af er ári.

Fjárfestingar


6,0 ma.kr.
Innri fjárfestingar

2,1 ma.kr.
Keyptar fjárfestingareignir

Sala

1,2 ma.kr.
Söluverð

~10%
Umfram bókfært virði eigna




Engin endurfjármögnunarþörf á árinu 2026

Græn fjármögnun 44% af vaxtaberandi skuldum

Lokagjalddagar*

2026-2031



- Engin endurfjármögnunarþörf út árið 2026.
- Um 44% af heildar vaxtaberandi skuldum félagsins telst til grænnar fjármögnunar.
- Um 27% vaxtaberandi lána eru bankalán.
- Virkir meðalvextir verðtryggðra lána 3,48% í lok fjórðungsins, hækkun um 4 punkta frá áramótum.
- Endurfjármögnun bankalána sem voru á gjalddaga 2027 að fullu frágengin.

*Fjármögnun á gjalddaga 2032-2050 er ekki á súluritinu.


Útleiga

11 leigusamningar undirritaðir á 3F 2026

6 Endurnýjaðir samningar
~8.950 m²

5 Nýir samningar
~820 m²

11 Samningar alls
~9.770 m²



Nýjar tekjur

Afhendingar á næstu mánuðum

Viðskiptavinur	Eign	Fermetrar	Samningur tekjuberandi
Metta Sport	Sunnusmári 2	654	4F
Sjúkraþjálfun Akureyrar	Sunnuhlíð 12	170	4F
Indverska torgið ehf.	Hafnartorg	14	4F
Ríkiseignir	Sunnuhlíð 12	154	4F
IHCP ehf.	Silfursmári 12	510	1F 27
Newbie	Smáralind	181	1F 27
Sunnuhlíðar Apótek ehf.	Sunnuhlíð 12	228	1F 27
DineOut ehf.	Silfursmári 12	459	1F 27
Wise lausnir ehf.	Dvergshöfði 4	3.267	2F 27
Kópavogsbær	Smáralind	900	2F 27
Öldungur, stækkun	Sóltún 2	3.513	3F 27
Rarik ohf.	Dvergshöfði 4	2.450	3F 27


12.500 m²

Ánægja viðskiptavina er sú hæsta frá upphafi mælinga

Þjónustukönnun 2026

Almenn ánægja – þróun frá 2019

Fjögur ár í röð hefur ánægja viðskiptavina aukist



Breyting frá 2022

+38

stig hækkun NPS

Jákvætt í fyrsta sinn

71%

ánægðir viðskiptavinir

Úr 53% árið 2022

+14%

hækkun ánægju

Hæsta mæling frá upphafi

Sjálfbærni

Ábyrgur rekstur og markviss vottun eigna

Nýtt áhættumælaborð

Tekið í notkun til að stýra áhættu eignasafnsins

- Samþætt yfirlit yfir áhættumat og úttektir vottaðra eigna
- Loftslags- og flóðaáhætta, öryggismat og orkuúttektir
- Aukin yfirsýn og markvissari forgangsröðun verkefna

Vottun lykileigna

Áhersla á vottun stærri eigna sem félagið rekur sjálft

Dvergshöfði 4
Nývottun

Katrínartún 2
Endurvottun hafin

Borgartún 8-16
Endurvottun hafin

Gróska
Endurvottun hafin



Viðurkenningar fyrir traustan rekstur

Í fremstu röð íslenskra fyrirtækja í rekstri ár eftir ár

Framúrskarandi fyrirtæki 2014-2026

Framúrskarandi fyrirtæki 2026

2017 2026 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 2026



Silfursmári 12 hlýtur Grænu skófluna 2026

Viðurkenning Grænnar byggðar í flokki nýbygginga, fyrir vandaða hönnun og áherslu á sjálfbærni og umhverfisgæði.

Batteríið arkitektar sáu um hönnun hússins en rík áhersla var lögð á gæði og notagildi, dagsbirtu, loftgæði og hljóðvist.



Þróun eignasafns



Sóltún 2

Stækkun hjúkrunarheimilis

- Hjúkrunarheimilið Sóltún var fyrir 92 hjúkrunarrými en verður að stækkun lokinni 159 hjúkrunarrými.
- Byggð hefur verið hæð ofan á eldra hús auk þess sem tvær af fjórum álmum hafa verið lengdar, alls nemur stækkunin um 3.500 m^2.
- Framkvæmdir ganga vel og er búið að reisa og loka viðbyggingunni og er unnið að innri frágangi. Stækkuninni verður skilað til leigutaka haustið 2027.

Áætluð fjárfesting

3,5 ma.kr.

Þar af **1,2 ma.kr.** þegar fjárfest.

Nýjar tekjur á ársgrundvelli

360 m.kr.

Að **fullu** samningsbundið

Dvergshöfði 4

Ný skrifstofubygging

- Dvergshöfði 4 verður um 10.300 m^2 hágæða skrifstofubygging á sjö hæðum auk bílakjallara, samtals um 14.000 m^2.
- Búið er að reisa og loka húsinu og er innri frágangur hafinn.
- Þegar hafa verið gerðir leigusamningar fyrir um 60% eignarinnar
- Fyrstu leigutakar munu hefja starfsemi í húsinu á fyrri hluta árs 2027.

Áætluð fjárfesting

7,5 ma.kr.

þar af 4,1 ma.kr. þegar fjárfest

Árstekjur m.v. fulla útleigu

700 m.kr.

Þar af 400 m.kr. samningsbundið





Tjarnarvellir 9

Fyrirhuguð uppbygging heilsugæslu

- FSRE hefur tekið tilboði Heima í leiguhúsnæði fyrir Heilsugæslu Hafnarfjarðar. Boðið húsnæði er nýbygging við Tjarnarvelli 9.
- Fyrirhugað er að heilsugæslan verði um 1.900 m^2 en jafnframt er gert ráð fyrir um 1.200 m^2 verslunar- og þjónusturými á jarðhæð auk rúmlega 1.100 m^2 skrifstofurými á 3. hæð.
- Gert er ráð fyrir afhendingu leigurýma sumarið 2028.

Áætluð fjárfesting
3,2 ma.kr.

Árstekjur m.v. fulla útleigu
280 m.kr.

Hjúkrunarheimili á Borgarhöfða

Fyrirhuguð samningsgerð við FSRE

- FSRE hefur tilkynnt Heimum að tilboð félagsins um uppbyggingu og útleigu hjúkrunarheimilis að Eirhöfða 2 hafi verið valið í markaðskönnun um hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu.
- Tilboð Heima felur í sér uppbyggingu á um 6.200 m^2 hjúkrunarheimili með um 95 hjúkrunarrýmum.
- Ákvörðun um endanlega samningsgerð er háð því að samkomulag náist milli aðila um skilmála leigusamnings.

Áætluð fjárfesting
6 ma.kr.

Árstekjur
435 m.kr.



Helstu fjárfestingarverkefni í vinnslu

Fjögur verkefni munu skila um 1.800 m.kr. tekjuaukningu á ársgrundvelli



Dvergshöfði 4

Skrifstofur – 10.300 m²

Fjárfesting

7,5 ma.kr.

þar af **4,1 ma.kr.** þegar fjárfest

Árstekjur

700 m.kr.

þar af **400 m.kr.** samningsbundið

Tekjuberandi: **Vor 2027**



Sóltún 2

Hjúkrunarheimili – 3.500 m²

Fjárfesting

3,5 ma.kr.

þar af **1,2 ma.kr.** þegar fjárfest

Árstekjur

360 m.kr.

Tekjuberandi: **Haust 2027**



Eirhöfði 2

Hjúkrunarheimili – 6.200 m²

Fjárfesting

6 ma.kr.

Árstekjur

435 m.kr.

Tekjuberandi: **2028/2029**



Tjarnarvellir 9

Heilsugæsla – 4.200 m²

Fjárfesting

3,2 ma.kr.

Árstekjur

280 m.kr.

Tekjuberandi: **2028**

Virk stærri framkvæmdaverkefni – **1.060 m.kr. árstekjur**

Á samningsstigi – **715 m.kr. árstekjur**



Þróunartækifæri innan eignasafnsins

Ofanleiti

- Heimar vinna að deiliskipulagsbreytingu á lóð Ofanleitis 2 í samstarfi við Reykjavíkurborg.
- Tillaga Heima gerir ráð fyrir randbyggð með 170 - 200 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæðum. Núverandi skrifstofuhúsnæði mun standa óbreytt.
- Markmið Heima er að þróa lóðina í samræmi við þá þróun sem er að eiga sér stað á svæðinu til að tryggja að svæðið þróist heildstætt og á samræmdan máta.
- Áhersla verður á vel hannaðar íbúðir sem njóta góðrar dagsbirtu og hljóðvistar og einnig að nýbyggingar muni fá sín sérstöku útlitseinkenni.

Þróunartækifæri innan eignasafnsins

Egilshöll

- Egilshallarsvæðið er einn mest spennandi þróunarreitur Heima, lóðin er tæplega 10 hektarar landssvæðis og nýtingarhlutfall á henni er í dag einungis um 0,3.
- Vinna er í gangi með erlendum ráðgjöfum að þróunarmöguleikum og endurskoðun á nýtingu lóðarinnar.
- Markmið Heima eru að þróa Egilshallarsvæðið sem hágæða borgarkjarna – stað þar sem fólk vill lifa, leika og starfa.
- Framtíðarsýn Heima er að við Egilshöll rísi blönduð byggð þar sem íþróttir, heilsa og hreyfing verða samofin daglegu lífi, fjölbreyttri þjónustu og vönduðum almenningsrýmum.



Klasi þróar Blikastaðaland

Klasi fyrirhugaður þróunaraðili og kjölfestufjárfestir

- Arion banki hefur gengið til einkaviðræðna við Íslensk verðbréf, fyrir hönd óstofnaðs sjóðs, um kaup á öllu hlutafé Landeyjar í Blikastaðalandi ehf. sem á og þróar Blikastaðaland í Mosfellsbæ.
- Ráðgert er að yfir 3.600 íbúðareiningar auk atvinnuhúsnæðis rísi á svæðinu.
- **Klasi er fyrirhugaður þróunaraðili verkefnisins og ráðgert er að hann verði kjölfestufjárfestir í sjóðnum.**
- Heimar eiga þriðjungshlut í Klasa sem og kauprétt á öllu atvinnuhúsnæði sem félagið byggir og fellur að kjarnastarfsemi Heima.
- Stefnt er að kaupsamningi fyrir árslok og að kaupin komi til framkvæmda á fyrsta ársfjórðungi 2027.



Kjarnasvæði Heima




96%
Keyptra eigna
innan kjarnasvæða



95%
Seldra eigna
utan kjarnasvæða

- Keyptar eignir frá 2018
  88 þús m² I 19 eignir
- Seldar eignir
  44 þús m² I 44 eignir
- Keyptar eignir á árinu 2026
- Eignir á kjarnasvæðum
  keyptar/byggðar fyrir 2018



Stærstu eignir Heima í hjarta kjarnasvæðanna

Lykileignir á höfuðborgarsvæðinu



Smáralind

Stærsta verslunarmiðstöð Íslands - 62.100 m²



Höfðatorg

Skrifstofur - 37.867 m²



Gróska

Skrifstofur, verslun og þjónusta – 24.800 m²



Egilshöll

Íþróttir og afþreying - 33.057 m²



Hafnartorg

Verslun og þjónusta - 11.354 m²

Samtals
169.000 m²

Aðrar mikilvægar eignir

Hágæðaeignir á eftirsóttum stöðum



Mjölnisholt 12-14

Hótel og ferðaþjónusta - 6.742 m²



Litlatún 3

Verslun og þjónusta - 5.261 m²



Austurstræti 16

Hótel og ferðaþjónusta - 2.773 m²



Áslandsskóli

Menntun og íþróttir - 6.162 m²



Tryggvagata 14

Hótel og ferðaþjónusta – 5.004 m²



Suðurhraun 3

Skrifstofur - 5.963 m²

Samtals
32.000 m²

Fjölbreyttar eignir til opinberra aðila

Fjöldi eigna á kjarnasvæðum í útleigu og rekstri til opinberra aðila



Skólar

Grunnskóli:

- Áslandsskóli í Hafnarfirði

Leikskólar:

- Tjarnarás Hafnarfirði
- Hörðuvellir Hafnarfirði
- Sjáland Garðabæ
- Múlaborg Reykjavík



Íþróttamannvirki

Egilshöll í Reykjavík:

- Fótboltahöll
- Fimleikahús
- Alhliða boltahús
- Skautasvell
- Skotsvæði
- Frjálsar íþróttir
- Til viðbótar við leigu á húsnæði Egilshallar sjá Heimar um allan rekstur og mönnun.



Skrifstofur

Fjöldi stofnana leigir skrifstofur hjá Heimum fyrir starfsemi sína:

- Reykjavíkurborg
- Akureyrarbær
- Landsvirkjun
- Vegagerðin
- Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
- Tryggingastofnun
- RARIK




Annað

- Þjóðminjasafnið – Varðveislu- og rannsóknarsetur Tjarnarvöllum 11
- Gistiheimili fyrir flóttamenn og hælisleitendur
- Hönnunarsafn Íslands, Garðabæ
- Hjúkrunarheimilið Sóltún

Hluthafar

20 stærstu hluthafar Heima

Hlutfallsleg skipting



Nr.	Heiti	Hlutir	%	Δ*
1	Omega fasteignir ehf.	252.273.929	13,07%	-
2	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	195.787.919	10,15%	▲
3	Lífeyrissjóður verzlunarmanna	164.536.338	8,53%	▲
4	Birta lífeyrissjóður	139.746.123	7,24%	▼
5	Gildi - lífeyrissjóður	132.638.597	6,87%	▲
6	Brú lífeyrissjóður	122.874.687	6,37%	▼
7	Stapi lífeyrissjóður	79.917.998	4,14%	▼
8	Túnsteinn ehf.	70.000.000	3,63%	-
9	Vanguard	68.346.262	3,54%	▲
10	Sigla ehf.	67.000.000	3,47%	-
11	Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	61.498.644	3,19%	▼
12	Brimgarðar ehf.	57.924.483	3,00%	-
13	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	54.921.867	2,85%	▲
14	Íslandsbanki hf.	48.423.617	2,51%	▲
15	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	39.493.269	2,05%	-
16	Stefnir hf.	28.082.519	1,46%	▼
17	Kristinn ehf.	28.000.000	1,45%	-
18	Arion banki hf.	27.617.447	1,43%	▼
19	FM eignir 1 ehf.	25.771.241	1,34%	-
20	FM eignir 2 ehf.	25.771.240	1,34%	-
	20 stærstu	**1.690.626.180**	**87,6%**	

Hluthafar m.v. dagslokastöðu 29.10.2026


* Breyting á fjölda hluta frá 21.08.2026

Hlutabréf Heima

Hlutabréfaverð lækkaði um 0,6% á þriðja ársfjórðungi


Þróun hlutabréfaverðs Heima

Dagslokagengi 3F 2026 í íslenskum krónum



Veltuhæstu hlutabréf Nasdaq Ísland

Meðalvelta á dag á þriðja ársfjórðungi 2026 í m.kr.



Heimar með **14.** mestu meðalveltuna á 3F 2026

Við erum annað og meira

Fyrirvari

Kynning þessi er byggð á upplýsingum frá Heimum hf. (hér eftir „Heimar“), áætlunum og mati stjórnenda félagsins og opinberum upplýsingum þar sem við á. Kynningunni er eingöngu ætlað að vera til upplýsinga og skal hún ekki notuð sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku þeirra sem fá hana í hendur.

Heimar geta því ekki ábyrgst að upplýsingar í þessari kynningu séu réttar og/eða að ályktanir sem dregnar eru af slíkum upplýsingum séu réttar að öllu leyti.

Heimar geta ekki í neinum tilvikum borið ábyrgð á tjóni sem kann að hljótast af upplýsingum sem birtar eru í kynningunni né tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar þeirra.

Hvers konar yfirlýsingar sem vísa til áætlaðrar framtíðarafkomu, áforma eða sviðsmynda eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum. Þannig getur árangur, framtíðarþróun og raunveruleg útkoma, að því er varðar atriði sem fram koma í kynningunni, orðið frábrugðin því sem lýst er í kynningunni, svo sem ef áhættuþættir raungerast.

Heimar bera ekki með nokkrum hætti ábyrgð á að hvers konar áform, áætlanir eða spár muni rætast. Af þeim sökum eru viðtakendur hvattir til að taka öllum framtíðarspám og fyrirætlunum í kynningunni með fyrirvara og skulu þær á engan hátt skoðast sem loforð um árangur í rekstri í framtíðinni.

Heimar eiga höfundarrétt að kynningunni og framsetningu upplýsinga í henni. Heimar eru ekki skuldbundnir til þess að uppfæra kynninguna, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós, jafnvel þótt upplýsingar sem liggja til grundvallar kynningunni kunni að breytast.

Ef ósamræmi er á milli ensku og íslensku útgáfunnar skal íslenska útgáfan gilda.